



## **Nýjar sjálfbærnireglugerðir**

Hvað þurfa fyrirtæki að gera?


Apríl 2024

# Nýjar evrópskar reglugerðir tóku gildi 1. júní 2023 hér á landi

Hafa þýðingarmikil áhrif á íslenskt efnahagslíf

## Hver er tilgangurinn með reglugerðunum?

Til þess að ná markmiðum Græna sáttmálans (e. [Green Deal](#)) um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55% fyrir árið 2030 og ná fram kolefnishlutleysi fyrir árið 2050 hefur Evrópusambandið (ESB) sett fram skýra stefnu með aðgerðaáætlun sem er í átta flokkum en þeim fylgja ýmsar reglugerðir á sviði sjálfbærni og loftslagsmála líkt og kemur fram í nýlegum [Vegvísi Festu](#), miðstöðvar um sjálfbærni.



## Hvað þýða reglugerðirnar fyrir íslensk fyrirtæki og atvinnulíf?

Yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55% fyrir árið 2030 og ná fram kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 og fullum orkuskiptum. Til þess að ná þessum markmiðum er mikilvægt að draga enn frekar úr kolefnislosun og auka bindingu kolefnis samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Sjá má frekari upplýsingar um loftslagsmarkmið Íslands og skuldbindingar [hér](#).

Reglugerðir ESB tengdar sjálfbærni fela í sér samræmda staðla og staðfestingu þriðja aðila fyrir skýrslugerð fyrirtækja um sjálfbærni, hvetja til markvissrar stefnumótunar og markmiðasetningu út frá kolefnishlutleysi, hringrásarhagkerfi og líffræðilegum fjölbreytileika og geta þannig komið í veg fyrir grænþvott. Fyrirtæki geta með aukinni áherslu og þekkingu á sjálfbærni metið og stýrt betur áhættu (t.d. út frá loftslags- orðsporsáhættu), hagrætt í rekstri (t.d. með orkuskiptum) og skapað ný viðskiptatækifæri (t.d. gagnvart yngri neytendum). Nánari upplýsingar um stöðu og horfur tengdar sjálfbærni reglugerðum má finna í [samantekt](#) Deloitte frá mars 2024.

Íslenskt atvinnulíf spilar lykilhlutverk og er drifkrafturinn í þeirri umbreytingu sem fram undan er með tilkomu sjálfbærnireglugerðanna sem munu hafa mikil áhrif, bæði með valkvæðum og skyldugum aðgerðum. Hægt er að sjá stöðuna í nýlegum [Loftslagsvegvisi atvinnulífsins](#) sem Samtök atvinnulífsins og Grænvangur hafa sett fram.

Niðurstöður úr [sjálfbærnikönnun Deloitte og Festu](#), miðstöðvar um sjálfbærni, frá janúar 2023, gefa nokkuð góða mynd af viðhorfi íslenskra stjórnenda til árangurs í loftslagsmálum sem áhugavert er að skoða í þessu ljósi en þar kemur m.a. fram að íslenskir stjórnendur eru svartsýnni á að árangur náist í loftslagsmálum en norrænir og alþjóðlegir stjórnendur.

Deloitte er leiðandi í faglegri þjónustu og ætlar að styðja við ofangreind markmið og sjálfbærnivegferð fyrirtækja í landinu með framboði af [fjölbreyttri þjónustu](#) á sviði sjálfbærni og loftslagsmála.

# Núverandi lagakröfur um ófjárhagslega upplýsingagjöf byggja á 66. gr. d ársreikningalaga

Á við um stór félög og félög tengd almannahagsmunum skv. skilningi laganna

## Birting ófjárhagslegra upplýsinga

Í 66. gr. d ársreikningalaga kemur meðal annars fram að félög skv. 9. tölul. 2. gr. og félög sem falla undir d-lið 11. tölul. 2. gr. og móðurfélög stórra samstæðna skulu láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins.

Að lágmarki skal fjalla um umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál og gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið skal einnig innihalda hnitmiðaða lýsingu á viðskiptalíkani félagsins.

## Viðskiptalíkan

Leggja skal fram hnitmiðaða lýsingu á viðskiptalíkani félagsins, hvað félagið gerir, hvernig og hvers vegna. Lýsa skal meginstarfsemi, hvaða fjárhagslegu og ófjárhagslegu þáttum starfsemin byggir á og hvernig starfsemin skapar virði fyrir viðskiptavinum, hluthafa, starfsmenn og aðra haghafa.

## Umhverfismál

Upplýsingar um umhverfismál skulu koma fram í yfirliti, þar með talin lýsing á stefnu félagsins, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgir, yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins, megináhættum sem tengjast umhverfismálum og hvernig félagið tekst á við þá áhættu. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi fyrirtæki.

## Samfélagið og starfsmannamál

Upplýsingar um samfélags- og starfsmannamál skulu koma fram í yfirliti, þar með talin lýsing á stefnu félagsins, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgir, yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins, megináhættum sem tengjast samfélags- og starfsmannamálum og hvernig félagið tekst á við þá áhættu. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi fyrirtæki.

## Mannréttindi, spilling og mútur

Gera skal grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.

# Nýjar reglugerðir munu hafa töluverðar breytingar

Sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja breytist

Við förum frá...

## Ársreikningur

Skýrsla stjórnar og umfjöllun um ófjárhagslegar upplýsingar



## Sjálfbærnisráskýrsla

Valkvæð skýrslugjöf



...þar sem fyrirtæki geta birt ófjárhagslegar upplýsingar sem hluta af ársreikningi og skýrslu stjórnar og í sjálfstæðri sjálfbærnisráskýrslu.

Í átt að...

## Ársreikningur og árs- og sjálfbærnisráskýrsla

Heildstæð skýrsla framkvæmdastjórnar sem er birt samhliða ársreikningi og inniheldur umfjöllun um sjálfbærniupplýsingagjöf út frá ESRS staðlinum og um Flokkunarreglugerð ESB



...þar sem fyrirtæki verða að birta upplýsingar um allar viðeigandi ESRS þætti sem hluta af skýrslu framkvæmdastjórnar.

# Til hvaða fyrirtækja ná reglugerðirnar?

Stærri/skráð fyrirtæki falla undir fyrst um sinn en smærri koma síðar

## Flokkunarreglugerð ESB – EU Taxonomy

~ 300 fyrirtæki á Íslandi

- Fyrirtæki sem uppfylla tvö eða fleiri viðmið:
  - Heildareignir: 3 ma.kr.
  - Hrein velta: 6 ma.kr.
  - Meðal ársverk: 250
- Félög tengd almannahagsmunum



Tók gildi 1. júní 2023. Til birtingar í  
ársuppgjörum 2023.

## Sjálfbærniupplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu – SFDR

~ Fjármálafyrirtæki á Íslandi

- Fjármálafyrirtæki, fjármálaráðgjafar, verðbréfafyrirtæki og váttryggingamiðlarar
- Á við um fyrirtækin sjálf og afurðir þeirra
- Birta skal upplýsingar í skilmálum, í samningum, reglulegum skýrslum og á heimasíðum



Tók gildi 1. júní 2023. Birta skal upplýsingar á  
heimasíðu og í tilheyrandi gögnum og til  
birtingar í ársuppgjörum 2023.

## Sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja – CSRD

~ 300 fyrirtæki á Íslandi

- Fyrirtæki sem uppfylla tvö eða fleiri viðmið:
  - Heildareignir: 3 ma.kr.
  - Hrein velta: 6 ma.kr.
  - Meðal ársverk: 250
- Félög tengd almannahagsmunum



Líklegt að taki gildi hér á landi vegna fjárhagsársins  
2024 eða 2025 fyrir 500 starfsmenn og yfir (beðið  
er eftir staðfestingu stjórnvalda).

# Flokkunarreglugerð ESB

## EU Taxonomy

Sex umhverfismarkmið liggja til grundvallar Flokkunarreglugerðinni sem gildir fyrir öll stærri og skráð fyrirtæki á Íslandi

### Loftslagstengd markmið



Mildun loftslagsbreytinga



Aðlögun að loftslagsbreytingum

### Önnur umhverfismarkmið



Sjálfbær nýting og verndun vatns- og sjávarauðlinda



Umbreyting í hringrásarhagkerfi



Mengunarvarnir og eftirlit með mengun



Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

## Hver er tilgangurinn með Flokkunarreglugerð ESB?

Reglugerðin er eins konar gátlisti sem fyrirtæki og fjárfestar geta stuðst við til að ákvarða hvort starfsemi fyrirtækja samræmist umhverfismarkmiðum ESB og flokkist sem umhverfislega sjálfbær. Í reglugerðinni er samræmd skilgreining á hvað telst umhverfislega sjálfbær starfsemi fyrirtækja. Atvinnustarfsemi er flokkuð út frá framlagi hennar til umhverfismarkmiðanna sex. Sú starfsemi sem telst vera umhverfislega sjálfbær verður að falla undir eitt af sex umhverfismarkmiðum flokkunarreglugerðarinnar en má á sama tíma ekki skaða hin markmiðin auk þess að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir. Stuðst er við matsviðmið til að ákvarða hvort starfsemi falli undir reglugerðina eða ekki, út frá eðli starfseminnar miðað við fyrirfram birta flokka frá ESB. Fyrirtæki birta svo hlutfall veltu, fjárfestingarútgjalda og rekstrarkostnaðar þeirrar starfsemi sem annars vegar fellur undir matsviðmiðin og hins vegar sem telst umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar.

Nánari útlistun á flokkunarreglugerðinni má finna [hér](#) (á ensku).

## Hvernig tryggja fyrirtæki hlítina við flokkunarreglugerð ESB?

Hlítina við flokkunarreglugerðina næst með því að fylgja 4 skrefum sem tryggja fullnægjandi upplýsingagjöf um hæfi og samræmingu.

# 1

Meta þarf hvort starfsemin er hæf (e. eligible)

# 2

Meta þarf hvort starfsemin er samræmd (e. aligned) við skilyrði matsviðmiða

# 3

Lykilmælikvarðar eru reiknaðir (e. KPIs)


# 4

Skýrsla birt

# Mat á hæfi og samræmi

## Eligibility & alignment

1. Mat á hæfi: starfsemi fyrirtækis er borin saman við hæfa starfsemi skv. tæknilegum matsviðmiðum og ef að hún kemur þar fram telst hún hæf.
2. Verulegt framlag til einhvers af umhverfismarkmiðunum sex.
3. Að valda ekki umtalsverðu tjóni: t.d. ef starfsemin leiðir til verulegrar losunar ghl, neikvæð áhrif á núverandi loftslag, skaðleg yfirborðs- eða grunnvatni, óskilvirkni í notkun hráefnis eða leiðir til aukningar á myndun, brennslu eða förgun úrgangs, eða losun mengunarefna, eða er skaðleg fyrir gott ásigkomulag vistkerfa.
4. Lágmarks verndarráðstafanir skv. skilgreiningu ESB, sem tekur m.a. á leiðbeiningum OECD og mannréttindasáttmála SP. Fjögur atriði til að hafa í huga:
  1. Mannréttindi, þ.m.t. vinnuréttur
  2. Spilling og mútur
  3. Skattlagning
  4. Sanngjörn samkeppni
5. Lykilmælikvarðar út frá hægri og samræmdri starfsemi eru svo reiknaðir og settir upp í töflu.



### Birthing grænna lykilmælikvarða og skýringa (Velta, Capex, Opex)

\*Viðmið eru skilgreind í tæknilegum matsviðmiðum  
Flokkunarreglugerðarinnar.

# Hvernig getur Deloitte aðstoðað?

Okkar þjónusta



Aðstoðum fyrirtæki við að meta hæfa starfsemi út frá tæknilegum matsviðmiðum.



Setjum upp og förum yfir viðmið til að meta verulegt framlag og að valda ekki umtalsverðu tjóni við önnur umhverfismarkmið.



Leiðbeinum við útreikninga á lykilmælikvörðum.



Útvegum sniðmát fyrir töflur og skýrslur skv. 8.gr. flokkunar-reglugerðarinnar.



Metum gloppur og komum með áætlun um viðbrögð og úrbætur fyrir næstu skil.



# Sjálfbærniupplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu

## SFDR – Sustainable Finance Disclosure Regulation

### Hver er tilgangurinn með SFDR-reglugerðinni?

Tilgangur SFDR-reglugerðarinnar er að auka gagnsæi í tengslum við:

- Hvernig áhætta tengd sjálfbærni (e. sustainability risk) er felld inn í eigin starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði.
- Neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærni þætti (e. principle adverse impact (PAI)).
- Upplýsingagjöf um fjármálaafurðir sem efla U (umhverfis-) eða F (félagslega) þætti og/eða afurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að meginmarkmiði.

### Hvaða áhrif hefur SFDR-reglugerðin á fjármálafyrirtæki:

**1. Fyrirtæki á fjármálamarkaði** þurfa að gera skilmerkilega grein fyrir stefnum sínum og neikvæðum áhrifum fjárfestingaákvæðana á sjálfbærni, þ.m.t. nákvæm áhrif á umhverfis- eða félagslega þætti, og birta á heimasíðum sínum.

**2. Upplýsingagjöfin (samningar, heimasíður og skýrslur)** þarf að ná yfir og endurspeglar raunverulega stöðu á umhverfis – og félagslegum þáttum starfseminnar og sjálfbærum fjárfestingarmarkmiðum sjóða.


### Viðurlög við brotum á reglugerð:

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit við brotum á reglugerðunum og hefur m.a. sektarheimildir:

- frá 100 þ.kr. - 110 m.kr. á einstaklinga
- frá 500 þ.kr. - 800 m.kr. eða að hámarki 3% af heildarveltu á lögaðila

Nánari útlistun á SFDR má finna [hér](#) (á ensku).

### Hvernig á að skilgreina fjármálaafurðir undir SFDR?



# Sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja

CSRD – Corporate Sustainability Reporting Directive

## 12 ESG STAÐLAR

- 2 Staðlar sem ganga þvert á tæknilega staðla
- 5 Umhverfi
- 4 Félagslegir hættir
- 1 Stjórnarhættir

## 84 UPPLÝSINGAKRÖFUR

Eiginlegar eða megindlegar upplýsingar

## ~1144 GAGNAPUNKTAR

## TVÖFALT MIKILVÆGI


- Fjárhagslegt mikilvægi
- Áhrifa mikilvægi

## 4 FORM UPPLÝSINGASKYLDU

- Stjórnarhættir
- Áætlanagerð
- Áhrif, áhætta og tækifæri
- Mælikvarðar og markmið

## STAÐFESTING ENDURSKOÐENDA SKILYRÐI


### European Sustainability Reporting Standards (ESRS)




# Lykilþáttur í CSRD/ESRS

Tvöföld mikilvægisgreining

## Fjárhagslegt mikilvægi



*t.d. áhætta af auknum kostnaði vegna kolefnisskatta*



## Áhrifamikilvægi



*t.d kolefnislosun fyrirtækis*

# Deloitte hefur byggt upp mikla reynslu

Mikil reynsla af tvöfaldri mikilvægisgreiningu

1

Byggir upp þekkingu innan  
fyrirtækisins

2

Núverandi þekking er dýpri  
en áður var haldið

3

Innri og ytri hagaðilar hafa  
ólíka sýn á mikilvægi

4

Frábært stefnumótunar og  
áhættustýringartól

5

Mikilvæg byrjun á lengra  
ferli

# Hver er ávinningurinn?

## Fjölþætt áhrif

Ljóst er að innleiðing á nýju sjálfbærniregluverki og umbreytingin í kolefnishlutlaust (e. net-zero) framtíðarhagkerfi verður krefjandi fyrir íslenskt atvinnulíf. Hins vegar er gott að hafa í huga aðra áhrifaþætti en regluverk sem munu hafa áhrif á viðskiptaumhverfið, bæði út frá áskorunum og tækifærum en þar má nefna:

### Samkeppnisforskot

Neytendur eru meðvitaðri um umhverfismál í dag og velja í auknum mæli „grænar“ vörur s.s. vistvæn farartæki, umhverfisvottaðar vörur og umbúðir, vistvænar byggingar ofl. auk þess sem það hefur sýnt sig að félagslegir þættir (s.s. jafnrétti, mannréttindi og forvarnir gegn kynferðislegri áreitni) og stjórnarhættir (s.s. ábyrgir stjórnarhættir, netöryggi og upplýsingagjöf) skipta þá einnig miklu máli. Varasamt verður fyrir fyrirtæki að freistast til að setja fram órókstuddar yfirlýsingar um umhverfislegan ávinning, oft nefnt „grænþvottur“ en fjölmörg dæmi má finna erlendis frá þar sem fyrirtæki hafa verið lögsótt fyrir slíkt og/eða viðskiptavinir hafa snúið baki við þeim. ESB hefur til [umsagnar ný lög](#) sem eiga að koma í veg fyrir að fyrirtæki getið stundað grænþvott.

### Virðisdeðja

Sjálfbærniáhrif á birgja eru víðtæk í dag þar sem áhrif eins fyrirtækis geta verið mikil á annað og öfugt, t.d. út frá kolefnisspori. Því þurfa bæði litlir og stórir birgjar í auknum mæli að svara spurningalistum um sjálfbærniþróun þeirra út frá viðmiðum um umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Fyrirtæki sem standa sig vel í UFS birgjamati eiga möguleika á að treysta viðskiptasambandið, ná í ný viðskipti eða vinna opinber útboð á kostnað þeirra sem reka lestina. Erlendis færast það t.a.m. í vöxt að fyrirtæki krefji stóra birgja um að þeir taki upp vísindatengd loftslagsmarkmið (e. [Science Based Targets Initiative](#)) en í dag eru þónokkur [íslensk fyrirtæki](#) skráð þar.

### Fjármögnun

Bankar og fjárfestar eru í dag undir miklum þrýstingi að láta til sín taka í loftslags- og sjálfbærnimálum. Þetta á við bæði út frá UFS áhættustýringu og hvað varðar fjármögnun á umbreytingunni í sjálfbært og kolefnishlutlaust framtíðarhagkerfi. Fyrirtæki sem hafa markað sér metnaðarfull markmið og sett sér skýrar áætlanir í átt að sjálfbæru og kolefnislágu viðskiptalíkani munu njóta ábatans í formi hagstæðrar fjármögnunar. Ennfremur þá munu „græn“ verkefni líkt og vottuð skógrækt, endurheimt votlendis, endurvinnsla og endurnýjanleg orka sem fellur undir Flokkunarreglugerð ESB verða eftirsóttir fjárfestingarkostir. Fjármögnunarkostnaður og aðgengi að fjármagni fyrirtækja sem vanrækja að uppfylla kröfur um UFS frammistöðu og aðlaga ekki viðskiptalíkön sín að kolefnishlutleysi munu að sama skapi versna.

### Aðrir þættir

Starfsfólk tengir meir og meir við sjálfbærniþróun fyrirtækja (e. purpose driven) og því verður auðveldara fyrir fyrirtæki að halda í góða starfskrafta og laða að nýtt starfsfólk ef það sinnir sjálfbærnimálunum af festu.

# Sjálfbærniteymi Deloitte á Íslandi

Leiðandi ráðgjafar á sviði sjálfbærni og loftslagsmála



**Gunnar S. Magnússon**

**Meðeigandi, yfirmaður sjálfbærni ráðgjafar**

Sjálfbær fjármál, UFS áhættustýring, kolefnismarkaðir og umbreyting, stefnumótun og markmiðasetning, UFS skýrslugjöf og regluverk

[gmagnusson@deloitte.is](mailto:gmagnusson@deloitte.is)



**Rannveig Anna Guicharnaud, PhD**

**Liðsstjóri**

Kolefnismarkaðir, kolefnishlutleysi, SBTi, líffræðilegur fjölbreytileiki, skógrækt og votlendi, náttúra og umhverfismat

[rguicharnaud@deloitte.is](mailto:rguicharnaud@deloitte.is)



**Berglind Ósk Ólafsdóttir**

**Liðsstjóri**

CSRD, UFS skýrslugjöf, LEED vottanir bygginga

[bolafsdottir@deloitte.is](mailto:bolafsdottir@deloitte.is)



**Steina Dröfn Snorradóttir**

**Liðsstjóri**

Endurskoðandi, UFS staðfesting, flokkunarreglugerð ESB

[ssnorradottir@deloitte.is](mailto:ssnorradottir@deloitte.is)



**Margrét Helga Guðmundsdóttir**

**Verkefnastjóri**

Sjálfbærni regluverk ESB, flokkunarreglugerð ESB, SFDR, EU- ETS, opinber stjórnarsýsla

[mhgudmundsottir@deloitte.is](mailto:mhgudmundsottir@deloitte.is)



**Björgheiður Margrét Helgadóttir**

**Verkefnastjóri**

CSRD, UFS skýrslugjöf, mannréttindi og jafnrétti

[bmhelgadottir@deloitte.is](mailto:bmhelgadottir@deloitte.is)



**Hlynur Rafn Guðmundsson**

**Sérfræðingur**

CSRD, UFS skýrslugjöf og staðfesting, hringrásarhagkerfi og frumkvöðlastarfsemi

[hrgudmundsson@deloitte.is](mailto:hrgudmundsson@deloitte.is)



**Hjördís Sveinsdóttir**

**Sérfræðingur**

CSRD, flokkunarreglugerð ESB, UFS skýrslugjöf og staðfesting

[hvsveinsdottir@deloitte.is](mailto:hvsveinsdottir@deloitte.is)



**Ebba Margrét Skúladóttir**

**Sérfræðingur**

CSRD, UFS skýrslugjöf og staðfesting, ESG DD

[emskuladottir@deloitte.is](mailto:emskuladottir@deloitte.is)



**Zoe Vala Sands**

**Sérfræðingur**

Kolefnismarkaðir, hringrásarhagkerfi, UFS skýrslugjöf

[zsands@deloitte.is](mailto:zsands@deloitte.is)



Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem („Deloitte á alþjóðavísu“)) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félag eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyfi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about).

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, upplýsingatækniráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarféлага okkar og tengdra félaga spannar meira en 150 lönd og landsvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 457.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarféлага þess og tengd félag þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélag þess, tengd félag, starfsmenn eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félag, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.